

Alþingi
Erindi nr. P 130/2379
komudagur 7.5.2004

BLAÐAMANNAFÉLAG ÍSLANDS

Síðumúla 23 - 108 Reykjavík - Sími: 553 9155 - Bréfasími 553 9177
Netfang: bi@press.is - Heimasíða: <http://www.press.is>



Reykjavík 7. maí 2004

Efni: Umsögn um frumvarp um útvarpslög og samkeppnislög, 974. mál, eignarhald á fjölmiðlum

Blaðamannafélag Íslands hefur fengið frumvarp um eignarhald á fjölmiðlum til umsagnar. Vegna þess skamma tíma sem gefinn er gefst ekki tækifæri til ítarlegrar efnislegrar umfjöllunar um málið, svo sem eðlilegt er í lýðræðislegu samfélagi, en meðfylgjandi er ályktun aðalfundar BÍ 26. apríl sl. vegna frumvarpsins sem samþykkt var samhljóða:

Aðalfundur Blaðamannafélags Íslands, haldinn 26. apríl 2004, lýsir harðri andstöðu við frumvarp ríkisstjórnarinnar um eignarhald á fjölmiðlum, en verði það að lögum munu strangari reglur gilda um slíkt eignarhald hér á landi en í flestum viðmiðunarlöndum okkar.


Með frumvarpinu er starf hundruða manna sett í uppnám og lífsviðurværi þúsunda í óvissu. Blaðamannafélagið hvetur alþingismenn til að taka málið til ítarlegrar skoðunar, ábyrgð þeirra er mikil, enda getur frumvarpið ef það verður að lögum leitt til þess að fjöldi manna missi vinnu sína.

Frumvarpið, eins og það liggur fyrir, er til þess fallið að draga úr mætti frjálsra fjölmiðla á Íslandi og skerða möguleika þeirra til framþróunar. Það veikir þessa fjölmiðla fjárhagslega, sem leiðir til þess að þeir verði vanmáttugri í gagnrýnni umfjöllun um málefni samfélagsins og síður líklegir til að veita valdhöfum nauðsynlegt aðhald.

Ótækt er að frumvarp, sem getur haft svo víðtæk áhrif á afkomu fjölda fólks og fyrirtækja, fái ekki vandaðri undirbúning en raun ber vitni og vandséð er hvernig slík vinnubrögð geti samrýmst lýðræðislegum háttum. Aðalfundurinn hvetur til málefnalegrar umræðu í samfélaginu um eignarhald á fjölmiðlum með mögulega lagasetningu í huga, en efnisatriði fyrirbyggjandi frumvarps munu tæplega fá viðunandi umræðu á opinberum vettvangi eigi að samþykkja það sem lög fyrir þingfrestun í vor.

Aðalfundur Blaðamannafélags Íslands fordæmir jafnframt að félagið var sniðgengið við skipan nefndar, sem skilaði skýrslu um eignarhald á fjölmiðlum sem nú liggur til grundvallar frumvarpinu, og að þátttöku fulltrúa félagsins og stéttarinnar í starfi nefndarinnar var hafnað.

Fyrir hönd stjórnar BÍ


Hjálmar Jónsson framkvstj.